

18

14. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 64 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kaupþúna og sjávarþorpa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 4. efnismálsgr. 4. gr. laga nr. 64 frá 1938 komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Gjaldið reiknast af brunabótavirðingu nýbyggingarinnar og fellur í gjalddaga þegar er hún hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á henni hvíla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

19

14. febr.

L Ö G

um sveitarstjóra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í hreppi, þar sem eru fleiri en 500 íbúar, er hreppsnefnd heimilt að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.

2. gr.

Ákveði hreppsnefnd að nota heimild 1. gr. laga þessara, skal hún auglýsa starf sveitarstjóra og taka við umsóknum um það.

Á löglega boðuðum hreppsnefndarfundum skal greiða atkvæði um framkomnar umsóknir, og er sá ráðinn, sem flest fær atkvæði. Nú eru atkvæði jöfn við endurtekna atkvæðagreiðslu, og skal þá hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

3. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni. Ekki er skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil